



5. fundur stjórnar SSA 9. október 2018

Fundurinn hófst kl. 12:00 í húsnæði Austurbrúar á Egilsstöðum.

Boðið var upp á léttar veitingar í upphafi fundarins.

Mættir voru stjórnarmennirnir Einar Már Sigurðarson, Gunnar Jónsson, Hildur Þórisdóttir, Pálína Margeirsdóttir og Björg Björnsdóttir varamaður Stefáns Boga Sveinssonar. Gauti Jóhannesson og Sigríður Bragadóttir voru með í síma. Verkefnastjóri sveitarstjórnarmála, Jóney Jónsdóttir ritaði fundargerð.

Einar Már Sigurðarson formaður stýrði fundi. Hann setti fundinn og gengið var til eftirfarandi dagskrár.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1 Fundargerðir frá 1., 2., 3. og 4. fundi stjórnar SSA 2018-2019 lagðar fram til staðfestingar.
- 1.2 Fundargerðir stjórnar SSV (nr. 140), SASS (536), Eyþings (308, 309, 310) SSNV (frá 4. sept. og 2. okt.) og SSH (460).
- 1.3 Fundargerðir 862. og 863. funda stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 26. september 2018.
- 1.4 Fundargerð 46. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, 27. ágúst 2018.
- 1.5 Fundargerð 143. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands 12. september 2018.
- 1.6 Fundargerðir stjórnar Austurbrúar (87, 88 og 89) frá 4. júní, 6. sept. og 11. sept. 2018.
- 1.7 Fundargerð stjórnar SSA frá 6. september 2018.
- 1.8 Tölfræði landshlutanna uppfært 3. október.

2 Frá aðalfundi SSA 2018

- 2.1 Ályktanir aðalfundar 2018.
- 2.2 Fundargerð aðalfundar 2018.
- 2.3 Samþykktir með breytingum frá aðalfundi 2018.
- 2.4 Fjárhagsáætlun 2019

3 Sóknaráætlun

- 3.1 Umsóknir um framlög vegna sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða (aðgerð C.1 í byggðáætlun).
- 3.2 Fagráð og úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Austurlands.
- 3.3 Viðaukasamningar við menningarmiðstöðvar.
- 3.4 Fundur með stýrihóp Stjórnarráðsins 30. október 2018.
- 3.5 Samráðsvettvangur og endurskoðun Sóknaráætlunar og kynning Byggðaaætlunar.

4 Almenningsamgöngur

- 4.1 Skýrsla KPMG um almenningssamgöngur og drög að stefnumótunarskýrslu um almenningssamgöngur sem Mannvit vann fyrir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið. Fundargerð frá fundi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og Vegagerðarinnar með fulltrúum landshlutasamtakanna um almenningssamgöngur 24. sept.

- 4.2 Væntanlegur fundur með Vegagerðinni og ákvörðun um framhald á samningi við Vegagerðina um almenningssamgöngur.
- 4.3 Verkefnastjóri Sv-Aust segir frá stöðunni.

5 Samstarf SSA og Austurbrúar

- 5.1 Ályktun aðalfundar SSA 2018 og vinna út frá henni.
- 5.2 Samningar við Austurbrú.

6 Umsagnir við frumvörp Alþingis

- 6.1 Fjárlagafrumvarp 2019 – umsögn og fundur með fjárlaganefnd.
- 6.2 Samgönguáætlun 2019-2033.

7 Önnur mál.

- 7.1. Byggðaráðstefna 2018.
- 7.2. Fundur með landshlutasamtökunum.
- 7.3. Fundur með stjórn Sambandsins.
- 7.4. Samningur við verkefnastjóra Svæðisskipulags.

1. Fundargerðir, erindi og ályktanir.

- 1.1. Fundargerðir frá 1., 2., 3. og 4. fundi stjórnar SSA 2018-2019 voru lagðar fram til staðfestingar.
- 1.2. Fundargerðir stjórnar SSV (nr. 140), SASS (536), Eyþings (308, 309, 310) SSNV (frá 4. sept. og 2. okt.) og SSH (460) voru lagðar fram til kynningar. Nefnt var að athyglisvert sé að sum landshlutasamtökin séu að móta starf sitt, gera starfsáætlun og setja sér starfsmannastefnu. Einnig að starfshópur sé um almenningssamgöngur hjá Eyþingi. Velferðarstefna SSV var einnig nefnd í þessu samhengi.
- 1.3. Fundargerðir 862. og 863. funda stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, 26. september 2018 voru lagðar fram til kynningar.
- 1.4. Fundargerð 46. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál, 27. ágúst 2018 var lögð fram til kynningar.
- 1.5. Fundargerð 143. fundar Heilbrigðisnefndar Austurlands 12. september 2018 var lögð fram til kynningar.
- 1.6. Fundargerðir stjórnar Austurbrúar (87, 88 og 89) frá 4. júní, 6. sept. og 11. sept. 2018 voru lagðar fram til kynningar.
- 1.7. Fundargerð stjórnar SSA frá 6. september 2018 var lögð fram til kynningar.
- 1.8. Tölfræði landshlutanna uppfært 3. október var lögð fram til kynningar. Ákveðið var að tölurnar verði skoðaðar betur fyrir Austurland. Formanni og verkefnastjóra var falið að útfæra það nánar.

2. Frá aðalfundi SSA 2018

- 2.1. Ályktanir aðalfundar 2018. Farið var yfir ályktanir frá aðalfundi 2018. Ályktun um verk- og starfsnám var beint til stjórnar. Haft verður samband við Samtök atvinnulífsins vegna þeirrar ályktunar áður en farið verður til mennta- og menningarmálaráðuneytis. Ályktun um að leysa Atvinnuþróunarsjóðinn var beint til stjórnar. Formaður og verkefnastjóri

munu fara í þá vinnu sem fyrst. Lista þarf upp eigur sjóðsins. Ályktun um samstarf Austurbrúar og SSA verður tekin fyrir í lið 5.

- 2.2. Fundargerð aðalfundar 2018. Fundargerðin verður send fundarstjórum til yfirlstrar.
- 2.3. Samþykktir með breytingum frá aðalfundi 2018. Farið var yfir samþykktir SSA og þær breytingar sem samþykktar voru á aðalfundinum.
- 2.4. Fjárhagsáætlun 2019. Farið var yfir fjárhagsáætlun 2019. Ákveðið var að fá framkvæmdastjóra Austurbrúar á næsta fund til að fara yfir fjárhag SSA og áætlun 2019.

3. Sóknaráætlun

- 3.1. Umsóknir um framlög vegna sértækra verkefna sóknaráætlanasvæða (aðgerð C.1 í byggðaaætlun). Sendar voru 8 umsóknir frá SSA. Ein barst frá Vopnafjarðarhreppi að loknum síðasta fundi stjórnar og var hún send inn. Rætt var um knappan tíma sem SSA fékk til að vinna umsóknirnar og þær skorður sem það setti. Landshlutasamtökin eiga að senda þetta og vinna verkefnin frá upphafi. Kortleggja þarf þau verkefni sem landshlutasamtökin eiga að vinna til að auðvelda vinnuna.
- 3.2. Fagráð og úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Austurlands. Farið var yfir nöfn sem leita skal til um setu í fagráð og úthlutunarnefndir Uppbyggingarsjóðs Austurlands. Verkefnastjóra var falið að ræða við fólkið og framkvæmdaráði falið að afgreiða málið að því loknu.
- 3.3. Viðaukasamningar við menningarmiðstöðvar voru lagðir fram. Formaður mun undirrita samningana.
- 3.4. Fundur með stýrihóp Stjórnarráðsins 30. október 2018. Verkefnastjóri mun sækja fundinn ásamt Signýju Ormarsdóttur verkefnastjóra menningar.
- 3.5. Samráðsvettvangur og endurskoðun Sóknaráætlunar og kynning Byggðaaætlunar. Formanni og verkefnastjóra var falið að gera áætlun um endurskoðunina.

4. Almenningsamgöngur

- 4.1. Skýrsla KPMG um almenningssamgöngur og drög að stefnumótunarskýrslu um almenningssamgöngur sem Mannvit vann fyrir samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið voru lagðar fram til kynningar. Stjórn felur formanni og verkefnastjóra að senda athugasemdir við stefnumótunarskýrsluna og leita samráðs við verkefnastjóra Sv-Aust. Fundargerð frá fundi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis og Vegagerðarinnar með fulltrúum landshlutasamtakanna um almenningssamgöngur 24. sept. var lögð fram til kynningar.
- 4.2. Sagt var frá því að væntanlegur fundur með Vegagerðinni og ákvörðun um framhald á samningi við Vegagerðina um almenningssamgöngur hefur verið boðaður föstudaginn 12. október. Ákveðið var að óska eftir því að stjórn Sv-Aust, Einar Már Sigurðarson, Björn Ingimarsson og Jóney Jónsdóttir, sækji fundinn fyrir hönd SSA.
- 4.3. Verkefnastjóri Sv-Aust, Jódís Skúladóttir, kom á fundinn og sagði frá stöðunni. Hún fór yfir vetrarstarfið og stöðu samninga félagsins við Vegagerðina, akstursaðila og Curron. Forgangsatíði er að ganga frá samningi við Vegagerðina.

5. Samstarf SSA og Austurbrúar

- 5.1. Ályktun aðalfundar SSA 2018 og vinna út frá henni. Stjórn SSA þarf að setja sér markmið um hvað landshlutasamtökin vilja fá út úr samstarfinu í ljósi þess að SSA er stærsti hagaðili Austurbrúar. Fara þarf skipulega í þessa vinnu og viðræður. Framkvæmdaráði var falið að skipuleggja viðræður vegna ályktunarinnar.
- 5.2. Samningar við Austurbrú. Formanni var falið að framlengja samningi við Austurbrú fram til 31. janúar 2019.

6. Umsagnir við frumvörp Alþingis

- 6.1. Fjárlagafrumvarp 2019 – umsögn og fundur með fjárlaganefnd. Sagt var frá því að fundur hefur verið boðaður með fjárlaganefnd Alþingis föstudaginn 12. október nk. Formaður og verkefnastjóri munu fara þangað. Þeim er falið að vinna umsögn og senda á stjórnarmenn fyrir fundinn með nefndinni.
- 6.2. Samgönguáætlun 2019-2033. Stjórn SSA ítrekar fyrri ályktun um samgönguáætlun sem er landshlutanum með eindæmum óhagstæð. Stjórnin óskar eftir að koma á fund samgöngunefndar Alþingis svo fljótt sem auðið er og einnig að formaður samgönguráðs komi á fund stjórnar SSA. Einnig felur stjórn samgöngunefnd SSA að fjalla um samgönguáætlun.

7. Önnur mál.

- 7.1. Byggðaráðstefna 2018 verður haldin í Stykkishólmi 16. og 17. okt nk. Formaður mun sitja ráðstefnuna.
- 7.2. Haustfundur landshlutasamtakanna verður haldinn kl. 19 miðvikudaginn 10. október. Formaður og verkefnastjóri munu sækja fundinn.
- 7.3. Fundur með stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga verður haldinn í hádeginu föstudaginn 12. október. Formaður og verkefnastjóri munu sækja fundinn.
- 7.4. Samningur við verkefnastjóra Svæðisskipulags, Skarphéðin Smára Þórhallsson, rann út 30. september sl. Framkvæmdaráði var falið að vinna málið áfram.
- 7.5. Samþykkt var að annar, þriðji og fjórði fundir stjórnar verði greiddir eins og einn fundur þar sem þeir voru stuttir og fjölluðu um 1 mál hver.
- 7.6. Framkvæmdaráð stefnir að því að halda fund á Seyðisfirði í næstu viku og m.a. hitta fulltrúa LungA skóla.
- 7.7. Vakinn er athygli á nýskipuðu byggðamálaráði sem hefur það hlutverk að gera tillögu til ráðherra að stefnumótandi byggðáætlun til fimmtán ára og fimm ára aðgerðaáætlun að fengnum áherslum ráðherra. Athygli vekur að nefndarmenn koma annars vegar af höfuðborgarsvæðinu og hins vegar af Norðurlandi vestra auk þess sem ekki virðist gert ráð fyrir samstarfi við landshlutasamtökin við mótun nýrrar byggðáætlunar.
- 7.8. Gunnar Jónsson mun sækja fund um stöðu Hússtjórnarskólans á Hallormsstað sem haldinn verður í skólanum fimmtudaginn 11. okt. nk.
- 7.9. Næsti fundur verður 13. nóvember kl. 12 á Reyðarfirði.



Fundi slitið kl. 15:30.

Einar Már Sigurðarson

Gunnar Jónsson

Hildur Þórisdóttir

Gauti Jóhannesson

Pálína Margeirsdóttir

Sigríður Bragadóttir

Stefán Bogi Sveinsson